

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1994

18. júlí 1994

1247

Nr. 404

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísun til meginmáls EES-samnings, viðauka II, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna EB-gerða hér á landi.

1. Reglugerð ráðsins nr. 594/91 um efni sem eyða ósonlaginu, frá 4. mars 1991.
2. Reglugerð ráðsins nr. 3952/92 um breytingu á gerð nr. 594/91 frá 30. desember 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

2. gr.

EB-gerð sem vísað er til í 1. tl. 1. gr er prentuð og birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

EB-gerð um breytingar sem vísað er til í 2. tl. 1. gr. hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB-sérstakri útgáfu: Bók 3, bls 478-480.

EB-gerð sem vísað er til í 3. tl. 1. gr. hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB-sérstakri útgáfu: Bók 3, bls. 468-473.

3. gr.

Auglýsing þessi, er birt skv. heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 18. júlí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 594/91
frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Það hefur verið staðfest að stöðug losun ósoneyðandi efna í núverandi mæli veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu. Alþjóðleg samstaða er um nauðsyn þess að draga umtalsvert úr bæði framleiðslu og notkun slíkra efna. Í ákvörðunum 80/372/EBE ⁽⁴⁾ og 82/795/EBE ⁽⁵⁾ er kveðið á um stjórnun sem hefur takmörkuð áhrif og tekur aðeins til tveggja slíkra efna (CFC 11 og CFC 12).

Í ljósi þess hver ábyrgðarhluti bandalagsins er í umhverfismálum og viðskiptum hafa öll aðildarríkin og bandalagið gerst aðilar að Vínarsáttmálanum um verndun ósonlagnsins og að Montrealbókuninni um efni sem eyða ósonlaginu.

Í reglugerð (EBE) nr. 3322/88 (6) er kveðið á um stjórnun á tilteknum klórflúorkolefnum og halónum sem eyða ósonlaginu.

Í ljósi nýrra vísindalegra niðurstaðna samþykktu aðilar að Montrealbókuninni á öðrum fundi sínum, þar sem bandalagið og aðildarríkin höfðu forustu, frekari ráðstafanir til verndunar ósonlaginu.

Nauðsynlegt er að gripið verði til aðgerða innan bandalagsins til að standa við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt Vínarsáttmálanum og breyttu bókuninni, einkum til að stjórna framleiðslu og notkun tiltekinnna klórflúorkolefna og halóna og annarra ósoneyðandi efna innan bandalagsins.

Í ljósi vísindalegra niðurstaðna er rétt í sérstökum tilvikum að gera ráðstafanir sem eru enn strangari en þær sem er að finna í breyttu bókuninni.

Með aðstæður á markaði fyrir klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halóna, koltetraklóríð og 1,1,1-tríklórétan í huga er rétt — til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt breyttu bókuninni — að stjórna notkun þessara efna með því að stýra framboði frekar en eftirspurn. Hægt er að stýra framboði með því að takmarka sölu framleiðenda og notkun innan bandalagsins og með takmörkun á frjálstri dreifingu innfluttra vara.

Nauðsynlegt er að stjórna þróun markaðar ofangreindra efna, einkum með tilliti til þess að til séu nægar birgðir af þeim til bráðnauðsynlegra nota, og þróunarstigi viðeigandi efna sem koma í staðinn.

Þörf gæti verið á frekari ráðstöfunum til að standa við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt bókuninni að því er varðar rannsókn og þróun og tæknilega aðstoð.

Reglugerð (EBE) nr. 3322/88 er ofaukið og ætti því að fella hana úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um innflutning, útflutning, framleiðslu og notkun klórflúorkolefna, annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, halóna, koltetraklóríðs, og 1,1,1-tríklórétans. Hún gildir líka um skil upplýsinga varðandi þessi efni og millistigsefni.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „bókunin“: Montrealbókunin um efni sem eyða ósonlaginu, hvort sem um ræðir aðlagaða eða aðlagaða og breytta útgáfu hennar,

— „aðili“: sérhver aðili að bókuninni. Að því er varðar réttindi og skyldur sem breytingar á bókuninni fela í sér teljast þó þau lönd ekki „aðilar“

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. C 86, 4.4. 1990, bls. 4.

⁽²⁾ Stjóð. EB nr. C 19, 28.1. 1991.

⁽³⁾ Stjóð. EB nr. C 332, 31.12. 1990, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjóð. EB nr. L 90, 3.4. 1980, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjóð. EB nr. L 329, 25.11. 1982, bls. 29.

⁽⁶⁾ Stjóð. EB nr. L 297, 31.10. 1988, bls. 1.

sem hafa ekki samþykkt breytingarnar eða ráðstafanir til að framkvæma þær,

- „tímatakörkuð efni“: klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halónar, koltetraklóríð og 1,1,1-tríklóretan, hvort sem þau eru hrein eða í blöndu. Skilgreining þessi á ekki við um tímatakörkuð efni í iðnaðarvörum öðrum en ílátum sem notuð eru við flutning eða geymslu þessa efnis,
- „klórflúorkolefni“: efni sem skráð eru í flokki I í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,
- „önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni“: efni sem skráð eru í flokki II í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,
- „halónar“: efni sem skráð eru í flokki III í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,
- „koltetraklóríð“: efni sem skráð eru í flokki IV í I. viðauka,
- „1,1,1-tríklóretan“: efni sem skráð eru í flokki V í I. viðauka,
- „millistigsefni“: hálfhalógenuð klórflúorkolefni, þar með talin myndbrigði þeirra, sem skráð eru í flokki VI í I. viðauka, hvort sem þau eru hrein eða í blöndu. Skilgreining þessi tekur þó ekki til millistigsefnis, blöndu eða myndbrigðis í iðnaðarvörum öðrum en ílátum sem notuð eru við flutning eða geymslu þessa efnis.
- „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir tímatakmarkað efni eða millistigsefni innan bandalagsins.
- „framleiðsla“: magn efna sem framleidd eru, að frátöldu því magni sem eyðileggst vegna tækniaðferða er aðilar skulu viðurkenna og að frátöldu því magni sem notað er sem aðalhræfni við framleiðslu annarra kemískra efna. Allt endurunnið eða endurnýtt magn telst ekki „framleiðsla“.
- „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir, endurvinnur til markaðssetningar eða notar í bandalaginu tímatakmarkað efni eða millistigsefni í iðnaðar- eða viðskiptaskyni eða sá sem setur í frjálsa dreifingu innan bandalagsins slík innflutt efni, eða flytur slík efni út úr bandalaginu í iðnaðar- eða viðskiptaskyni,
- „ósoneyðingarvægi“: tölustafur í síðasta dálki í I. viðauka sem gefur til kynna möguleg áhrif hvers efnis á ósonlagið,
- „reiknað magn“: magn ákvarðað með því að margfalda magn hvers efnis með ósoneyðingarvægi efnisins sem tilgreint er í I. viðauka

og með því að leggja saman niðurstöðutölurnar úr hverjum flokki efna í I. viðauka,

- „hagræðing í iðnaði“: flutningur alls eða hluta hins reiknaða magns, annaðhvort milli aðila að bókuninni eða innan aðildarríkis í því skyni að ná fram efnahagslegri skilvirkni eða til að bregðast við líklegum skorti á birgðum vegna lokunar verksmiðja.

I. HLUTI

VIÐSKIPTASTJÓRN

3. gr.

Innflutningur efna frá þriðju löndum

1. Tímatakörkuð efni, hvort sem þau eru ný, endurunnin eða notuð, sem flutt eru inn frá þriðju löndum og sett í frjálsa dreifingu í bandalaginu, skulu vera háð magntakmörkunum.

2. Í þessu skyni ber bandalaginu að taka upp kvótana í II. viðauka er eiga að gilda á tímabilinu sem kveðið er á um í þeim viðauka og úthluta þeim til fyrirtækja í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., að breyta kvótunum í II. viðauka.

4. gr.

Innflutningsleyfi

1. Framvísa verður innflutningsleyfi vegna tímatakmarkaðra efna sem sett eru í frjálsa dreifingu í bandalaginu og heyrja undir kvótana í 3. gr. Leyfi þetta skal gefið út af framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórninni ber að senda afrit af leyfi þessu til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins sem fyrirhugað er að flytja efnið inn til. Í þessu skyni ber hverju aðildarríki að útnefna sitt lögbæra yfirvald.

2. Í beiðni um leyfi skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn og heimilisfang innflytjandans;

b) lýsing á hverju efni þar sem tilgreint er:

— vörulýsing,

— fyrirsögn í sameinaða flokkunarkerfinu,

— landið sem efnið er flutt inn frá;

c) upplýsingar um magn hvers efnis sem flytja á inn í tonnnum; og

d) staður og dagsetning fyrirhugaðs innflutnings, ef það er vitað.

5. gr.

Innflutningur tímatakmarkaðra efna frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni

1. Frjáls dreifing klórflúorkolefna eða halóna frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni er bönnuð í bandalaginu.

2. Frá 1. janúar 1993 er frjáls dreifing á öðrum fullhalógenuðum klórflúorkolefnum, koltetraklóríði eða 1,1,1-tríklórétani innfluttu frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni bönnuð í bandalaginu.

6. gr.

Innflutningur framleiðsluvara frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda tímatakörkuð efni

1. Frá 1. janúar 1993 er bannað að setja framleiðsluvörur innfluttar frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda klórflúorkolefni eða halóna í frjálsa dreifingu í bandalaginu, samanber þó ákvörðunina sem um getur í 3. mgr.

2. Frá 1. janúar 1996 er bannað að setja framleiðsluvörur innfluttar frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, koltetraklóríð eða 1,1,1-tríklórétan í frjálsa dreifingu í bandalaginu, samanber þó ákvörðunina sem um getur í 3. mgr.

3. Ráðið samþykkir fyrir áður nefndar dagsetningar, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni, skrá yfir þessar framleiðsluvörur með hliðsjón af skránni sem aðilar hafa gert.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

7. gr.

Innflutningur framleiðsluvara frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og framleiddar eru með tímatakörkuðum efnum

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna samþykkir ráðið, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni, reglur um frjálsa dreifingu framleiðsluvara sem eru fluttar inn frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og eru framleiddar með tímatakörkuðum efnum en innihalda ekki þessi efni. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

8. gr.

Útflutningur tímatakmarkaðra efna til landa sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Frá 1. janúar 1993 er útflutningur bannaður frá bandalaginu á nýjum, endurunnum eða notuðum tímatakörkuðum efnum til landa sem eru ekki aðilar að bókuninni.

9. gr.

Sérstök leyfi til viðskipta við lönd sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Þrátt fyrir 5. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr., 7. og 8. gr. getur framkvæmdastjórnin heimilað viðskipti með tímatakörkuð efni og framleiðsluvörur sem innihalda og/eða eru framleiddar með einu eða fleiri þessara efna við lönd sem eru ekki aðilar að bókuninni, að því tilskildu að landið teljist, á fundi aðilanna, fara að ákvæði 2. gr., 2a til 2e, og 4. gr. bókunarinnar og hafi lagt fram upplýsingar því til stuðnings eins og tilgreint er í 7. gr. bókunarinnar. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

II. HLUTI

BANNÁÆTLUN

10. gr.

Stýring á framleiðslu

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992, fari ekki yfir reiknað magn framleiðslunnar árið 1986. Þó má reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu þeirra aðildarríkja þar sem framleiðslan var innan við 15 000 tonn árið 1986 ekki fara, á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992, yfir 150% af reiknuðu framleiðslumagni þeirra árið 1986.

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1993 og á tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslunnar, á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki

yfir 7,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

- að klórflúorkolefni verði ekki framleidd eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnaðsýnlegra nota megi heimila klórflúorkolefni í bandalaginu eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn klórflúorkolefna sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnin klórflúorkolefni eru ekki fyrir hendi.

2. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,
- reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,
- reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,
- reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,
- að önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni verði ekki framleidd eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnaðsýnlegra nota megi heimila önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni í bandalaginu eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða önnur endurunnin halógenuð klórflúorkolefni eru ekki fyrir hendi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- reiknað magn halónframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf

mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað framleiðslumagn ársins 1986,

- reiknað magn halónframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni halónframleiðslu ársins 1986,
- að halónar verði ekki framleiddir eftir 31. desember 1999.

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna ákvarðar framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnaðsýnlegra nota megi heimila halóna í bandalaginu eftir 1. janúar 2000 og ákveður það magn halóna sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnir halónar eru ekki fyrir hendi.

4. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- magn koltetraklóríðsframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af framleiðslumagni ársins 1989,
- magn koltetraklóríðsframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 15% af framleiðslumagni ársins 1989,
- að koltetraklóríð verði ekki framleitt eftir 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnaðsýnlegra nota megi heimila koltetraklóríð í bandalaginu frá 1. janúar 1998 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn koltetraklóríðs sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnin koltetraklóríð er ekki fyrir hendi.

5. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir framleiðslumagn ársins 1989,
- magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 70% af framleiðslumagni ársins 1989,
- magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu

1. janúar til 31. desember 2000 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 30% af framleiðslumagni ársins 1989,

— að 1,1,1-tríklóretan verði ekki framleitt eftir 31. desember 2004.

6. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram heimilað framleiðanda, til að fullnægja grundvallarþörfum heimamarkaðar þeirra aðila sem heyra undir 5. gr. bókunarinnar, að fara yfir reiknað framleiðslumagn í 1. — 5. mgr., að því tilskildu að viðbótarmagn reiknaðrar framleiðslu hlutaðeigandi aðildarríkis fari ekki yfir það magn sem er leyft í þessum tilgangi samkvæmt 2. gr., 2a til 2e, bókunarinnar fyrir tímabilin sem um er að ræða.

Lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis ber að tilkynna framkvæmdastjórninni slíka heimild fyrirfram.

7. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram heimilað framleiðanda, vegna hagræðingar í iðnaði innan hlutaðeigandi aðildarríkis, að fara yfir reiknað framleiðslumagn í 1. — 6. mgr., að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn aðildarríkisins fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda í 1. — 6. mgr. á þeim tímabilum sem um er að ræða. Lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis ber að tilkynna framkvæmdastjórninni slíka heimild fyrirfram.

8. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, heimilað framleiðanda að fara yfir reiknað framleiðslumagn sem er leyft samkvæmt 1. — 7. mgr., vegna hagræðingar í iðnaði milli aðildarríkja, að því tilskildu að samanlagt magn reiknaðrar framleiðslu hlutaðeigandi aðildarríkja fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda í 1. — 7. mgr. á þeim tímabilum sem um er að ræða. Einnig er þörf á samþykkt lögbærs yfirvalds þeirra aðildarríkja þar sem áætlað er að draga úr framleiðslu.

9. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, með samþykki bæði lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram og ríkisstjórnar hlutaðeigandi þriðja aðila, heimilað framleiðanda að sameina reiknað framleiðslumagn sem er leyft samkvæmt 1. — 8. mgr. og leyfilegt reiknað framleiðslumagn framleiðanda í þriðja landi, samkvæmt bókuninni og innlendra löggjöf, að því tilskildu að samanlagt reiknað framleiðslumagn framleiðendanna tveggja fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns samkvæmt 1. — 8. mgr. fyrir framleiðanda í bandalaginu og leyfilegt

reiknað framleiðslumagn þriðja aðila samkvæmt bókuninni og innlendra löggjöf.

11. gr.

Stýring á notkun með því að stjórna framboði í bandalaginu

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992 fari ekki yfir reiknað magn klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1993 og á tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995 fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996 fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997 fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— viðkomandi hvorki markaðssetji klórflúorkolefni né noti þau í eigin þágu eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn klórflúorkolefna sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnaudsynlegra nota eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

2. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn annarra fullhalögenaðra klórflúor-

kolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

- reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- viðkomandi hvorki markaðssetji önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni né noti þau í eigin þágu eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnaðsýnlegra nota eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- reiknað magn halóna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað magn halóna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,
- reiknað magn halóna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni halóna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— viðkomandi hvorki markaðssetji halóna né noti þá í eigin þágu eftir 31. desember 1999.

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna ákvarðar framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn halóna sem sérhver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnaðsýnlegra nota frá 1. janúar 2000.

4. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- reiknað magn koltetraklóríðs sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni koltetraklóríðs sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- reiknað magn koltetraklóríðs sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni koltetraklóríðs sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- viðkomandi hvorki markaðssetji koltetraklóríð né noti það í eigin þágu eftir 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn koltetraklóríðs sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnaðsýnlegra nota frá 1. janúar 1998 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

5. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 70% af reiknuðu magni 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,
- reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2000, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir

30% af reiknuðu magni 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

- viðkomandi hvorki markaðssetti 1,1,1-tríklóretan né noti það í eigin þágu eftir 31. desember 2004.

6. Magnið sem um getur í 1. — 5. mgr. er það magn sem framleiðandinn markaðssetur eða notar í eigin þágu, af eigin framleiðslu, innan bandalagsins.

7. Framkvæmdastjórnin getur aukið magnið sem leiðir af beitingu 1. — 5. mgr. ef magn innfluttra efna sem sett eru í frjálsa dreifingu á tólf mánaða tímabili samkvæmt 1. — 5. mgr. verður minna en hámarks-magnið sem ákveðið er í II. viðauka.

Framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

8. Hverjum framleiðanda, sem rétt hefur til að markaðssetja eða nota í eigin þágu efnið sem um getur í þessari grein, er heimilt að afsala sér rétti sínum, vegna alls eða hluta þess magns sem ákveðið er í samræmi við þessa grein, í hendur hvaða framleiðanda í bandalaginu sem er. Framleiðandinn sem öðlast réttinn skal tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Færsla réttar til að markaðssetja efni eða nota í eigin þágu felur ekki í sér viðbótarrett til framleiðslu.

III. HLUTI

STJÓRNUN, SKIL UPPLÝSINGA OG LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Stjórnun

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þann frest sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans í því tilviki þegar ráðinu ber að samþykkja ákvarðanir samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni. Atkvæði aðildarríkjanna vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber

framkvæmdastjórninni að senda þær tafarlaust til ráðsins. Framkvæmdastjórninni er þá heimilt að fresta því að ráðstafanir komi til framkvæmda um einn mánuð hið lengsta frá því að þær voru tilkynntar ráðinu.

4. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra marka sem um getur í 3. mgr.

13. gr.

Skil upplýsinga

1. Hverjum framleiðanda, innflytjanda og/eða útflytjanda tímatakmarkaðra efna eða millistigsefna ber, í síðasta lagi 31. mars ár hvert, í fyrsta sinn árið 1992, að senda framkvæmdastjórninni, og afrit til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis, tölur yfir:

- framleiðslu,

- endurunnið magn,

- magn sem eyðilagt hefur verið í samræmi við tækniáðferðir sem aðilar að bókuninni viðurkenna,

- birgðir,

- innflutt efni sem sett eru í frjálsa dreifingu innan bandalagsins, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

- magn útfluttrar framleiðslu frá bandalaginu, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

- magn útfluttra endurunninna efna frá bandalaginu, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

- magn þeirrar framleiðslu sem framleiðandinn markaðssetur eða notar í eigin þágu innan bandalagsins,

- magn endurunninna efna sem markaðssett eru eða notuð í þágu fyrirtækisins innan bandalagsins,

- magn sem er framleitt og notað sem hráefni

varðandi öll tímatakörkuð efni og millistigsefni með tilliti til áður nefnds tímabils 1. janúar til 31. desember, nema varðandi klórflúorkolefni þar sem fyrstu skil á upplýsingum skulu vera fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1991, síðan koma regluleg árleg skýrslutímabil sem hefjast 1. janúar 1992.

Þrátt fyrir þessa skuldbindingu skulu skil á upplýsingum, sem um getur í þessari málsgrein, fyrir klórflúorkolefni og önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1997 vera eigi síðar en 30. september 1997.

2. Hverjum framleiðanda, innflytjanda og/eða útflytjanda annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, kolte-traklóríðs, 1,1,1-tríklóretans og/eða millistigsefna ber að veita framkvæmdastjórninni, eins og um getur í 1. mgr., upplýsingar um árið 1989 og senda afrit til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis eigi síðar en 30. júní 1997.

3. Framkvæmdastjórninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að farið verði með upplýsingar sem lagðar eru fram sem trúnaðarmál.

14. gr.

Stjórnun

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, til að inna af hendi þau störf sem henni ber samkvæmt þessari reglugerð, að afla allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnunum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjunum.

2. Ef framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis ber henni samtímis að senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur, ásamt greinargerð um hvers vegna farið er fram á þessar upplýsingar.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu láta fara fram þær rannsóknir sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt þessari reglugerð.

4. Ef framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem rannsóknirnar eiga að fara fram eru því samþykkt ber embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar að aðstoða embættismenn yfirvaldsins við að sinna skyldustörfum sínum.

5. Framkvæmdastjórninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að farið verði með upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessari grein sem trúnaðarmál.

15. gr.

Brot

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir með lögum og stjórnvaldsaðgerðum ef ákvæði reglugerðar þessarar eru ekki virt.

16. gr.

Gildistaka og tímabundin ákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Reglugerð (EBE) nr. 3322/88 fellur úr gildi 1. júlí 1991. Skilum á upplýsingunum sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3322/88 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1991 verður þó að vera lokið fyrir klórflúorkolefni ein eigi síðar en 31. ágúst 1991.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 1991.

Fyrir hönd ráðsins,
J. F. POOS
forseti.

VIÐAUKI I
Efni sem reglugerðin gildir um

Flokkur	Efni	Óson- eyðingarvægi (1)
Flokkur I	CFCl ₃ (CFC-11)	1,0
	CF ₂ Cl ₂ (CFC-12)	1,0
	C ₂ F ₃ Cl ₃ (CFC-113)	0,8
	C ₂ F ₄ Cl ₂ (CFC-114)	1,0
	C ₂ F ₅ Cl (CFC-115)	0,6
Flokkur II	CF ₃ C (CFC-13)	1,0
	C ₂ FCl ₅ (CFC-111)	1,0
	C ₂ F ₂ Cl ₄ (CFC-112)	1,0
	C ₃ FCl ₇ (CFC-211)	1,0
	C ₃ F ₂ Cl ₆ (CFC-212)	1,0
	C ₃ F ₃ Cl ₅ (CFC-213)	1,0
	C ₃ F ₄ Cl ₄ (CFC-214)	1,0
	C ₃ F ₅ Cl ₃ (CFC-215)	1,0
	C ₃ F ₆ Cl ₂ (CFC-216)	1,0
	C ₃ F ₇ Cl (CFC-217)	1,0
Flokkur III	CF BrCl (halónar-1211)	3,0
	CF ₃ Br (halónar-1301)	10,0
	C ₂ F ₄ Br ₂ (halónar-2402)	6,0
Flokkur IV	CCl ₄ (koltetraklóríð)	1,1
Flokkur V	C ₂ H ₃ Cl ₃ (?) (1,1,1-tríklóretan)	0,1
Flokkur VI	CHFCl ₂ (HCFC-21)	
	CHF ₂ Cl (HCFC-22)	
	CH ₂ FCl (HCFC-31)	
	C ₂ HFCl ₄ (HCFC-121)	
	C ₂ HF ₂ Cl ₃ (HCFC-122)	
	C ₂ HF ₃ Cl ₂ (HCFC-123)	
	C ₂ HF ₄ Cl (HCFC-124)	
	C ₂ H ₂ FCl ₃ (HCFC-131)	
	C ₂ H ₂ F ₂ Cl ₂ (HCFC-132)	
	C ₂ H ₂ F ₃ Cl (HCFC-133)	
	C ₂ H ₃ FCl ₂ (HCFC-141)	
	C ₂ H ₃ F ₂ Cl (HCFC-142)	
	C ₂ H ₄ FCl (HCFC-151)	
	C ₃ HFCl ₆ (HCFC-221)	
	C ₃ HF ₂ Cl ₅ (HCFC-222)	
	C ₃ HF ₃ Cl ₄ (HCFC-223)	
	C ₃ HF ₄ Cl ₃ (HCFC-224)	
	C ₃ HF ₅ Cl ₂ (HCFC-225)	
	C ₃ HF ₆ Cl (HCFC-226)	
	C ₃ H ₂ FCl ₅ (HCFC-231)	
	C ₃ H ₂ F ₂ Cl ₄ (HCFC-232)	
	C ₃ H ₂ F ₃ Cl ₃ (HCFC-233)	
	C ₃ H ₂ F ₄ Cl ₂ (HCFC-234)	
	C ₃ H ₂ F ₅ Cl (HCFC-235)	
C ₃ H ₃ FCl ₄ (HCFC-241)		
C ₃ H ₃ F ₂ Cl ₃ (HCFC-242)		
C ₃ H ₃ F ₃ Cl ₂ (HCFC-243)		
C ₃ H ₃ F ₄ Cl (HCFC-244)		

$C_3H_4FCI_3$	(HCFC-251)
$C_3H_4F_2Cl_2$	(HCFC-252)
$C_3H_4F_3Cl$	(HCFC-253)
$C_3H_5FCI_2$	(HCFC-261)
$C_3H_5F_2Cl$	(HCFC-262)
C_3H_6FCI	(HCFC-271)

- (1) Tölur sem gefa til kynna ósoneyðingarvægi eru áætlanir byggðar á núverandi þekkingu og verða endurskoðaðar og staðfærðar reglulega með hliðsjón af ákvörðunum sem aðilar að bókuninni taka.
- (2) Þessi formúla á ekki við um 1,1,2-tríklóretan.

VIÐAUKI II

Magntakmarkanir á innflutningi frá þriðju löndum
(reiknað magn í tonnum)

Efni	Flokkur I	Flokkur II (% af inn- flutningi 1989) (¹)	Flokkur III	Flokkur IV (% af inn- flutningi 1989) (¹)	Flokkur V (% af inn- flutningi 1989) (¹)
Á tólf mánaða tímabili frá 1. janúar til 31. desember: 1991	2 322(²)				
1992		50 %	700	50 %	100 %
1993	1 161	50 %	700	50 %	100 %
1994	1 161	50 %	700	50 %	100 %
1995	755	32,5 %	350	15 %	70 %
1996	348	15 %	350	15 %	70 %
1997	174 (³)	7,5 % (³)	350	15 %	70 %
1998			350	0 %	70 %
1999			350		70 %
2000			0		30 %
2001					30 %
2002					30 %
2003					30 %
2004					30 %
2005					0 %

- (1) Í stað þessara hlutfallstalna koma hreinar tölur um leið og þær eru fyrirbyggjandi. Þær verða birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* fyrir tilstilli framkvæmdastjórnarinnar.
- (2) Á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992.
- (3) Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997. Eftir það verður ekki um að ræða neinn innflutning viðkomandi efna.